

um skipun jafnlaunanevndar.

Flm.: Adda Bára Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd, er athugi, að hve miklu leyti konum og körlum eru raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Athugun þessi skal bæði taka til launagreiðslna hjá hinu opinbera, þar sem launajafnrétti á að ríkja samkvæmt landslögum, og þeirra almennu kjarasamninga, sem í gildi eru um kaup kvenna í ýmsum starfsgreinum. Enn fremur skal nefndin gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Nefndin geri ríkisstjórninni grein fyrir störfum sínum, og sjái hún um birtingu á álitserðum nefndarinnar.

Greinargerð.

Með undirritun jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hafa Íslendingar skuldbundið sig til að stuðla að því, að svo miklu leyti sem það samrýmist þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta á Íslandi, að reglan um jöfn laun karla og kvenna ná til alls starfsfólks á landinu (sbr. 2. gr. jafnlaunasamþykktarinnar, 1. mgr.). Samkvæmt 2. málsg. 2. gr. skal þessari reglu komið til framkvæmda með:

- a. landslögum og reglugerðum;
- b. ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;
- c. heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkafólks.

Í 3. gr. segir: „Þar sem slíkt mundi greiða fyrir því, að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllo mati á störfum, sem byggist á því, að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.“

Með tilliti til þessara þriggja megingreina jafnlaunasamþykktarinnar virðist eðlilegt, að skipuð sé nefnd til þess að gera tillögur um þær ráðstafanir, sem tiltækar kunna að vera til að koma á fullu launajafnrétti, en allar slíkar tillögur hljóta að byggjast á rannsókn á því, hvernig þessum málum er nú háttáð. Er því gert ráð fyrir, að fyrsta verk nefndarinnar verði almenn athugun á launagreiðslum og verði niðurstöður þeirrar athugunar birtar opinberlega.

Samkvæmt launalögum ríkisins á launajafnrétti að ríkja meðal starfsmanna hins opinbera, en þrátt fyrir lagaákvæðin telja konur sig órétti beittar í launagreiðslum hjá ríkinu. Ber þar tvennt til. Í fyrsta lagi eru þau störf, sem yfirleitt hafa verið unnin af konum, óeðlilega lágt metin, miðað við þá hæfni, sem krafizt er af þeim, sem leysa störfin af hendi. Og í öðru lagi eru ekki fastar reglur um störf og starfsheiti, og hefur gamalt launamisrétti haldizt í skjóli þess. Hér virðist því liggja beint við, að rannsókn verði látin fara fram og störf metin á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. jafnlaunasamþykktarinnar, enda var það krafa síðasta þings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Í almennum kjarasamningum munu vera mjög mismunandi ákvæði um launagreiðslur til kvenna. Í nokkrum kjarasamningum er svo kveðið á, að konum skuli greidd lægri laun en körlum, þó að um sömu störf sé að ræða og sömu menntunar se krafizt af báðum. Á þetta t. d. við um verzlunarstörf. Hins vegar eru í öðrum kjarasamningum ákvæði um algert launajafnrétti við ýmsa vinnu og þá einkum þau störf við fiskvinnslu, sem erfiðust eru og til skamms tíma hafa verið talin karlmannsverk eingöngu. Einnig má geta þess, að við þau störf, þar sem krafizt er æðstu menntunar, njóta konur fyllsta jafnréttis.

Þegar svo er komið, að launajafnrétti ríkir jafnt í verstu erfiðisvinnu og við þau störf, sem krefjast sérstakrar sérmenntunar, virðist torvelt að finna rök fyrir því, að t. d. við verzlunarstörf og í iðnaði séu konur það miklir eftirbátar karlmanna, að réttmætt sé að greiða þeim mun lægri laun í þessum starfsgreinum.

Krafan um launajafnrétti er gömul og svo augljóst mannréttindamál, að það þjóðfélag, sem telur sig veita öllum þegnum sínum jöfn réttindi, getur ekki látið málin kyrr liggja, eins og þeim er nú raunverulega háttáð, enda hefur ríkisstjórnin með undirritun jafnlaunasamþykktarinnar skuldbundið sig til að vinna að framgangi jafnlaunareglunnar.